

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 51

Dags. 23.1.2014

Skipulags- og umhverfisnefnd - 23.01.2014

51. fundur.

23. janúar 2014 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Guðrún Tryggvadóttir

Hörður Þór Benónýsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. Þjóðlenda í Ódáðahrauni. Stofnun fasteignar(þjóðlendu)
2. Rauðaskriða 1. Breyting á deiliskipulagi.
3. Hrafnstaðir. Umsókn um leyfi til byggingar fjárhúss.
4. Þeistareykir. Breyting á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.
5. Takmörkun á umferð hrossa í Laxárdal. Beiðni um umsögn.
6. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022. Tillaga að breytingu.
7. Embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa árið 2013.

1. Þjóðlenda í Ódáðahrauni. Stofnun fasteignar (þjóðlendu).

S20140101

Erindi dags 16. desember 2013 frá Forsætisráðuneytinu, þar sem sótt er um heimild til að stofna fasteign (þjóðlendu) sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001. Með síðari breytingum. Heiti fasteignar er Þjóðlenda í Ódáðahrauni.

Land innan eftirfarandi marka þ.e. sá hluti Ódáðahrauns í Þingeyjarsveit sem liggur sunnan Bræðraklifs og norðan Dyngjujökuls, innan kröfuvæðis eigenda Reykjahlíðar, er þjóðlenda:

Frá upptökum Krossár (A) er dregin lína beina stefnu í austsuðaustur...[1]. Síðan er jökuljaðrinum fylgt til vesturs þar til komið er suður undir Gæsaahnjúk (L) og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Úr þeim punkti er farið norður aftur í fyrstnefndan punkt í upptökum Krossár (A)

Breytingar/viðbætur vegna skiptingar þjóðlendu milli sveitarfélaga eftir sveitarfélagamörkum:

[1] í sveitarfélagamörk Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps. Þeim fylgt að jökuljaðri Vatnajökuls. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998.

Fylgigögn með umsókn eru útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2007 dags 6. júní 2008, dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 65/2012, dags 20. september 2012 og landspildublað.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun Þjóðlendunnar skv. fyrirbyggjandi gögnum verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hennar í fasteignaskrá Þjóðskrár.

2. Rauðaskriða 1. Breyting á deiliskipulagi

S20120201

Erindi dags 15. janúar 2014 frá Guðmundi H. Gunnarssyni, f.h. Rauðuskriðu ehf. kt. 680602-3440 þar sem óskað er eftir heimild til breytingar á deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustu Rauðuskriðu 1, samkvæmt meðfylgjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi dags. 6. janúar 2014 frá Búgarði (GHG)

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði auglýst skv. 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þegar fullnægjandi gögn hafi borist.

3. Hrafnstaðir í Köldukinn. Umsókn um leyfi til byggingar fjárhúss. S20140102

Erindi dags 5. janúar 2014 frá Flosa Gunnarssyni, kt. 250757-4259 á Hrafnstöðum í Köldukinn þar sem hann sækir um heimild til að reisa fjárhús á jörð sinni Hrafnstöðum samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum frá Byggingaþjónustu Bændasamtaka Íslands dags. 9. desember 2013.

Með vísan í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr. 5.9.2 „Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi, eða húsaþyrpingar í dreifbýli og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu“.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir þó að í þessu tilfelli verði fallið frá grenndarkynningu samkv. heimild í eftirfarandi ákvæðum gr. 5.9.3 í fyrrnefndri reglugerð:

„Skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjandans sjálfs“.

Skipulags- og byggingarfulltrúi mun afgreiða byggingaleyfisumsóknina þegar tilskilin gögn fyrir útgáfu byggingarleyfis hafa borist.

4. Þeistareykir. Breyting á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar. S20120101

Erindi dags. 21. janúar 2014 frá Árna Gunnarssyni yfirverkefnastjóra, f.h. Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir að gerðar verði breytingar á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar skv. meðfylgjandi deiliskipulagsuppdrætti dags. 21. janúar 2014 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félagum ehf. Um er að ræða nokkrar breytingar bæði á skipulagsuppdrætti og í greinargerð. Breytingarnar snúa fyrst og fremst að hagræðingu og hliðrun mannvirkja til bóta fyrir bæði framkvæmdaaðila og umhverfi en auk þess er skilgreindur nýr áningarstaður auk byggingarreits fyrir hesthús við hestagerði austan Þeistareykjaskála.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna á þessu stigi en leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að auglýsa tillöguna eins og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

5. Takmörkun á umferð hrossa milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Ósk um umsögn.

S20140103

Eftirfarandi erindi var vísað til umsagnar skipulags- og umhverfisnefndar á fundi sveitarstjórnar 16. janúar s.l.:

„Fyrir fundinum liggur bréf frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar á takmörkun á umferð hrossa á milli Ljótsstaða og Brettingsstaða í Laxárdal. Í bréfinu segir:

„Reiðleiðin milli Ljótsstaða og Brettingsstaða er falleg leið. Hundruð og jafnvel þúsund hross fara leiðina á hverju ári. Ástand reiðleiðarinnar er hinsvegar þannig að það er óásættanlegt vegna gróðurskemmda af völdum hrossa. Landeigendur hafa óskað eftir því að leiðinni verði alfarið lokað fyrir allri umferð hrossa“

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, getur Umhverfisstofnun tekið ákvörðun um að takmarka umferð hrossa um svæðið. Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um eftirfarandi takmörkun á umferð:

- Óheimilt verður að fara með lausa hesta um svæðið.
- Ekki verður heimilt að fara með meira en tvo hesta til reiðar um svæðið.

Þá er gert ráð fyrir að svæðið verði tekið út á hverju ári og ákvörðun um frekari opnun eða lokun tekin út frá ástandi svæðisins. Umhverfisstofnun mun þá kynna ákvörðunina sérstaklega til allra hestamannafélaga landsins sem og ferðaþjónustuaðila sem eru með hestaferðir.“

„Sveitarstjórn vísar erindinu til Umhverfis- og skipulagsnefndar.“

Skipulags- og umhverfisnefnd leggst gegn því að umræddri reiðleið verði alfarið lokað fyrir allri umferð hrossa þar sem hún er skilgreind sem slík í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Nefndin gerir þó ekki athugasemdir við þær takmarkanir á umferð hrossa sem Umhverfisstofnun leggur til að höfðu samráði við hagsmunaaðila.

6. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022. Tillaga að breytingu S20120101

Erindi dags 16. desember 2012 frá Árna Jóni Elíassyni f.h. Landsnets og Eiríki Bjarnasyni, f.h. Vegagerðarinnar þar sem óskað er eftir að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 á vegna fyrirhugaðra breyttrar legu Sprengisandslínu og Sprengisandsvegar á Bárðdælaafrétti. Forathugun vegna þessara breytinga var kynnt á fundi með fulltrúum Þingeyjarsveitar 6. nóvember s.l.

Sprengisandslína:

Gert er ráð fyrir tilfærslu á stórum hluta línunnar og að hún liggja vestan Tómasarhaga og Fjórðungsvatns og fylgi síðan í megindráttum núverandi Sprengisandsleið um Kiðagilsdrög að Fremri-Mosum og síðan niður eftir Mjóadal milli Pílagrímshells og Klukkufjalls og út fjallið vestan Bárðardals (Vallnafjalls) að tengivirki við núverandi byggðalínu (og fyrirhugaða 220 kV línu) í landi Eyjadalsár og Hlíðarenda.

Sprengisandsleið:

Gert er ráð fyrir að vegurinn verði í námunda við þá veglínu sem sýnd er á gildandi aðalskipulagi, en víki þó alls staðar eitthvað frá henni. Frá Fjórðungskvísl stefnir vegurinn á Fjórðungstölu og fer vestan við Fjórðungsvatn. Frá Fjórðungsvatni er gert ráð fyrir að vegurinn liggja austar en núverandi leið, með meira útsýni til austurs, þ.e. í grennd við Tjarnardrag og Botnadrág, vestan við Fljótsöldu og Fossgilsmosa, og stefni að Fremri-Mosum. Liggja þaðan eftir hæðum vestan Sjálfandafljóts á svipuðum slóðum og núverandi vegur. Fari síðan austan Íshólsvatns og til byggða við bæinn Mýri.

Skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í færslu línunnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa láta gera tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna hugmynda að breyttri legu Sprengisandslínu og Sprengisandsvegar á Bárðdælaafrétti samkvæmt umsókn Landsnets og Vegagerðarinnar. Tillögurnar verði síðan lagðar fyrir nefndina til frekari ákvörðunar.

Nefndin beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að þegar um er að ræða kynnisferðir eða sérstaka kynningarfundir er varða málefni nefndarinnar verði henni boðið að taka þátt í slíkum viðburðum.

7. Embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram til kynningar yfirlit yfir embættisafgreiðslur sínar á árinu 2013.

Fundi slitið